



22. júní 2021

LIFE-styrkjaáætlun ESB í loftslags- og umhverfismálum

Bergþóra Njála Guðmundsdóttir
Kjartan Ingvarsson



Hvað er LIFE-áætlunin?



- **Samkeppnissjóður** ESB á sviði loftslags- og umhverfismála.
- Ísland nýr þátttakandi í sjóðnum
- Nýtt tímabil **2021-2027**
- Fjögur meginsvið: Náttúra og lífbreytileiki, hringrásarhagkerfið, loftslagsbreytingar og orkuskipti.
- Verkefna- og rekstrarstyrkir
- Alls eru **5.432 milljónir evra** í pottinum (um 805,6 milljarðar isk) til úthlutunar á tímabilinu 2021 – 2027.
- Vinnuáætlun vegna fyrsta hluta tímabilsins, 2021 – 2024 er væntanleg í júlí 2021 og verður þá birt á vef LIFE-áætlunarinnar.



Fjórir flokkar styrkja

- Loftslagsbreytingar: aðgerðir, aðlögun og stjórnsýsla
- Náttúra og lífbreytileiki
- Hringrásarhagkerfið
- Orkuskipti



Loftslagsbreytingar



- Styrkir vegna **aðgerða** vegna loftslagsbreytinga
 - M.a. verkefni á sviði landbúnaðar, landnotkunar, stýringu votlendissvæða, endurnýjanlegrar orku og orkunýtni.
- Styrkir vegna **aðlögunar** að loftslagsbreytingum
 - M.a. verkefni um aðlögun þéttbýlis, landnýtingaráætlanir, viðnámsþrótt innviða, viðbrögð vegna áhrifa á flóð og strendur, aðlögun í landbúnaði, skógrækt og ferðapjónustu og viðbúnað við auknum öfgum í veðurfari á jaðarsvæðum.
- Styrkir vegna **stjórnsýslu og upplýsingamiðlunar**
 - M.a. vegna sjálfbærrar fjármálastarfsemi, vitundarvakningar og þátttöku haghafa á sviði aðgerða og aðlögunar vegna loftslagsbreytinga.
- Til úthlutunar er **tæpur 1 milljarður evra** á tímabilinu 2021- 2027.




Náttúra og lífbreytileiki

- Markmiðið að stuðla að vernd og endurheimt evrópskrar náttúru og að **vinna gegn hnignun líffræðilegrar fjölbreytni**.
- Sérstaklega verkefni:
 - sem ýta undir **líffræðilegra fjölbreytni**, búsvæði eða tegundir.
 - sem leggja af mörkum til innleiðingar **fugla- og búsvæðatilskipana ESB** (Natura 2000 netið og IAS reglugerðin).
 - verkefna sem miða að því að **ná markmiðum stefnu ESB** til 2030 um líffræðilega fjölbreytni (hluti af Græna sáttmála ESB (Green Deal)).
- Til úthlutunar eru **rúmlega 2,1 milljarðar evra** á tímabilinu 2021 - 2027.



Hringrásarhagkerfið og lífsgæði



- Markmiðið að **greiða fyrir umbreytingu** samfélaga í átt að sjálfbæru, hringrásarmiðuðu, eiturefnalausu, orkunýtnu og loftslagsvænu hagkerfi.
- Sérstaklega verkefni:
 - um **betri nýtingu auðlinda** með bættri meðhöndlun úrgangs, vatns, jarðvegs og efna, auknum loftgæðum og minni hávaðamengun.
 - sem lúta að **stjórnun** umhverfismála.
- Til úthlutunar eru **rúmlega 1,3 milljarðar evra** á tímabilinu 2021-2027.



Orkuskipti

- Verkefni með **fimm meginmarkmið**
 - Að byggja upp **innviði** á landsvísu eða innan sveitarfélaga og landshluta sem styðja við orkuskipti í átt að grænni eða hreinni orku.
 - Að flýta fyrir **innleiðingu** nýrrar tækni, stafrænna lausna, þjónustu og viðskiptamódeli sem miða að hreinorku og ýta undir uppbyggingu faglegrar þekkingar þar að lútandi.
 - Að laða einkafjármagn að **þjárfestingum** í hreinorku.
 - Að styðja við þróun **þjárfestingarverkefna** innan landshluta eða sveitarfélaga.
 - Að virkja og valdefla þjóðfélagsþegna í að **skipta yfir í hreina orku**.
- Til úthlutunar er **tæplega 1 milljarður evra** á tímabilinu 2021 - 2027.

Tegundir styrkja



- verkefnastyrkir vegna **aðgerða** (Standard Action Projects - SAP)
- styrkir vegna **áætlana** um náttúruvernd (Strategic Nature Projects - SNAP)
- styrkir vegna **innleiðingar** stefnu eða aðgerðaáætlunar (Strategic Integrated Projects - SIP)
- styrkir til að **auka tæknilega getu og þekkingu** (Technical Assistance Projects - TA)
- styrkir til **annarra aðgerða** sem styðja markmið LIFE-áætlunarinnar (Other Action Grants - OAG)
- **rekstrarstyrkir** fyrir óhagnaðardrifin félagasamtök (Operating Grants - OG)



Auglýsingar og umsóknarfrestur



- **Rekstrarstyrkir:**
 - Styrkir verða auglýstir **um miðjan júlí.**
 - 2019 var kallað eftir 2ja ára áætlun samtakanna (sundurliðað fyrir árin tvö) – síðar kallað eftir ítarlegri tillögum og samningum fyrir hvort ár fyrir sig. **Beðið er eftir nánari upplýsingum fyrir 2021.**
- Umsóknarfrestur vegna rekstrarstyrkja verður til **miðbiks september.**




Auglýsingar og umsóknarfrestur




- **Verkefnastyrkir:**
 - Styrkir verða auglýstir í **júlí**.
 - Í einhverjum tilfellum verður í fyrstu kallað eftir „**lysingu á verkefni**“ – sk. Concept notes.
 - Í öðrum tilfellum verður kallað eftir fullum umsóknum.
- Umsóknarfrestur vegna verkefnastyrkja verður **fram á haustmánuði**.




Rekstrarstyrkir




Verkefnastyrkir





Umsóknarferlið

- Sótt um í gegn um **styrkja- og útboðsgátt ESB**.
- Allir **lögaðilar**, sem staðsettir eru innan EES, geta sótt um verkefnastyrki.
- **Samkeppnissjóður** – mikilvægt að **vanda vel til umsókna**.
- Áhersla á að verkefni séu unnin **í samstarfi ólíkra aðila**, innanlands og í Evrópu.



Mikilvægt!

- Umsækjendur geta kynnt sér fyrri auglýsingar, m.a. varðandi styrkhæfi og haft eldri útgáfur af spurt og svarað til hliðsjónar.
- **Ítarlegt kynningarefni um styrkina er væntanlegt á evrópskan vef LIFE í júlí 2021**
 - Ítarleg kynning á styrkjagáttinni aðgengileg á netinu
 - Nánari upplýsingar og tenglar á mikilvægar ESB upplýsingar eru á **stjornarradid.is/life**
 - Kontaktaðilar: Bergþóra Njála Guðmundsdóttir og Kjartan Ingvarsson UAR